

Til minnis helgidagana

MIJÓLKURBOÐIR verða í dag, skírdag, opnar kl. 9—12 árdegis, á morgun, föstudaginn langa, kl. 10—12, á laugardaginn kl. 8—13, á páskaðag eru báðirnar lokaðar allan daginn, en á annan í páskum er opið kl. 9—12 árdegis.


★
HELGITÓNLEIKAR verða í hátíðarsal háskólans í dag, skírdag kl. 5 síðdegis. Flutt verða af hljómplötutækjum skólans hegítónlist allt frá frumkrístni til daga Bachs. Guðmundur Matthías on tónlistarkennari flytur skýringar á verkunum. — Páskavaka kirkjukórs Langholtssafnaðar í Laugarnes-kirkju í kvöld kl. 8.30.

★
SÝNINGAR: Jóhannes Jóhannesson sýnir málverk í Listamannaskólanum; opið alla daga frá kl. 1 til 10 síðdegis. — Sýningin „Húsgögn — 1961“ að Laugaveg 26 er opin frá kl. 10 árdegis til 10 síðdegis. á laugardaginn kl. 2—10 síðdegis. — Sólveig Pétursdóttir sýnir málverk í Mokkafé, Skólavörðustíg. — Sýning SAVA í málarglugganum.

★
SKAK og BRIDGE: Skákþing Íslands er háð í Breiðfirðingabúð — 11. Íslandsmótið í bridge fer fram í Tjarnarcafé.

★
LEIKHÚS: Þjóðleikhúsið sýnir Kardimommubæinn í 66. skipti í dag, skírdag, kl. 3 síðd. Kl. 8 að kvöldi annars páskaðags frumsýnir leikhúsið svo Nafhrynningu eftir Ionesco; leikstjóri Benedikt Arnason. Leikfélag Rerikar sýnir í Iðón kl. 8.30 í kvöld Þórkólf eftir Jökul Jakobsson og Tíminn og við kl. 8.30 síðdegis annan páskaðag. Leikfélag Hafnarfjarðar sýnir Tengdamömmu eftir Kristínu Sigfúsdóttur í Góðtemplarahúsinu. Hafnarfirði annan páskaðag kl. 8.30. Sumarleikhúsið sýnir Allra meina bót í Austurbæjarbíói 2. páskaðag kl. 11.30 síðdegis.

★
SÖFNIN Þjóðminjasafnið verður opið í dag, skírdag, og á laugardag



Birgitta Bardot hin franska er aðalleikarinn í páskamyndum tveggja kvikmyndahúsa í Reykjavík. Hér sést hún í hlutverki sínu í myndinni „Babette fer í stríð“ sem sýnd er í Stjörnubíói.

frá kl. 1.30—4. Lokað á föstudaginn langa, páskaðag og 2. dag páska. Listasafnið ríkisins og Listasafn Einarssonar verða bæði lokað framyfir páska.

STRÆTISVAGNAR

Ferðir strætisvagna Kópavogs verða sem hér segir: Skírdag eins og á sunnudögum (10—0.30), föstudaginn langa frá kl. 14—21 laugardaginn 1 apríl eins og venjulega, páskaðag kl. 14—21, og annan dag páska eins og á sunnudögum. Ferðir strætisvagna Hafnarfjarðar: Skírdag frá kl. 10—0.30, föstudaginn langa frá kl. 14—0.30, laugardag 7—0.30, páskaðag kl. 14—0.30, 2 dag páska kl. 10—0.30.

Strætisvagnar Reykjavíkur aka sem hér segir: Á skírdag verður ekið á öllum leiðum frá kl. 9.00—24.00, á föstudaginn langa 14.00—24.00, laugardag fyrir páska 7.00—17.30, páskaðag 14.00—01.00, annan í páskum 9.00—24.00. Á tímabilinu kl. 7.00—9.00 á skírdag og annan páskaðag, og kl. 24.00—01.00 sömu daga, á föstudaginn langa kl. 11.00—14.00 og kl. 24.00—01.00, á laugardag fyrir páska kl. 17.30—01.00 og á páskaðag kl. 11.00—14.00 verður ekið á þeim leiðum, sem ekið er nú á sunnudagsmorgnum kl. 7.00—9.00 og eftir miðnætti á virkum dögum. Á leið 12 — Lækjarbotnar verður ekið á laugardag fyrir páska eins og aðra virka daga.

BENZÍNAFGREIÐSLUR

Afgreiðslutími benzínafgreiðslna verður yfir bændagana og páskana sem hér segir: Skírdag frá 9.30—11.30 f.h. og 13—18 e.h., föstudaginn langa frá kl. 9.30—11.30 f.h. og 13—15 e.h., páskaðag frá kl. 9.30—11.30 f.h. og 13—15 e.h., annan dag páska frá kl. 9.30—11.30 og 13—18 e.h.


★
KVIKMYNDIR: Engar sýningar í kvikmyndahúsum fyrir en á annan í páskum; þá frumsýna nær öll bióin nýjar myndir Stjörnubíói: Babette fer í stríð (bandar.) með Brigitte Bardot og Jacques Charrier í aðalhlutverkum. Trípólíói: Hjákona lögmansins (frönsk), Brigitte Bardot og Jean Gabin. Gamla bió: Umskiptingurinn (Walt Disneymynd), Fred Mac Murray. Austurbæjarbíói: Hula-Hopp Conny (þýzk), Conney Ford. Kópavogsbíói: Ævintýri í Japan (bandarísk), Teresa Wright. Hafnarfjarðarbiói: Fellibylur yfir Nagasagi (frönsk-japönsk), Danielle Darrieux og Jean Marais. Tjarnarbiói: Elvis Prestley í hernum (bandar.). Nýja bió: Leyndardómur Snæfellsökuls (bandar.), Pat Boone og James Mason. Ásamt Pétri Rögnvaldssyni. Bæjarbiói: Flakkarinn, (þýzk), Marianne Holl.

„Sakamál“ Axels

Framhald af 1. síðu.
undir fyrirsögninni: „Rannsókn á fjárreiðum Axels Kristjánssonar vegna reksturs Brimness og kaupa Keilis?“ Síðan segir blaðið:

„Með tillögu þessari, er mál þetta, sem undanfarið hefur verið á margra vörum sem MEINT SAKAMÁL, komið á opinberan umræðugrundvöll, og má sjálfsagt vænta opinberra yfirlýsinga þar um á næstunni.“

Hér er semsé talað um mál Axels sem sakamál sem opinberir aðilar hljóti að taka til athugunar þótt orðalagið sé gætilegt. Er þeim ummælum auðsýjanlega beint til dómsmálaráðherra Íslands — Bjarna Benediktssonar.



Húsgögn — 1961

Á sýningunni „Húsgögn — 1961“, sem Félag húsgagnaarkitekta opnaði í gær á Laugavegi 26, eru 34 sýningararbásar. Átta húsgagnaarkitektar og 4 aðilar aðrir hafa teiknað húsgögn sem þar eru sýnd. Húsgagnaarkitektarnir eru þessir: Árni Jónsson, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Theódórsson, Halldór Hjálmarsson, Helgi Hallgrímsson, Hjalti Geir Kristjánsson,

Kjartan Á. Kjartansson og Þorkell G. Guðmundsson. Auk þeirra hafa teiknað húsgögn Jón og Benedikt Guðmundssynir og Axel Eyjólfsson, húsgagnasmíðameistarar, og Manfréd Vilhjálmsson arkitekt. Silfurmunni á sýningunni hafa gert: Jóhannes Jóhannesson, Halldór Kristinsson, Ásdis Sveinsdóttir, Reynir Guðlaugsson og Jens Guðjónsson. Keramik er eftir Ragnar Kjartansson, listvefnaður eftir Guðrúnu Jón-

asdóttur, Ásgerði Ester Búa dóttur, Barböru Árnason, Ragnheiði Jónsdóttur og Steinunni Marteinsd., smelti eftir Sigrúnu Gunnlaugsdóttur og Jóhannes Jóhannesson.

Myndin er af einum sýningarbásanna; borðstofuhúsgögnin eru frá húsgagnaverzlun Axels Eyjólfssonar, teiknuð af Þorkelli G. Guðmundssyni. Axel hefur teiknað veggskápana, en í hillum eru silfurmunir og smelti eftir Jóhannes Jóhannesson. —

Sýning á frönskum málverkaeftirprentunum opnuð 1. apríl

N.k. laugardag verður opnuð í bogasal Þjóðminjasafnsins sýning á málverkaeftirprentunum, sem valdar hafa verið meðal frægustu málverka Frakka allt frá síðustu aldamótum. Sýning þessi er haldin á vegum Alliance Francaise.

Á sýningu þessari verða 93 in á vegum Alliance Francaise málverkaeftirprentanir eftir 30 málara, m.a. mannamyndir eftir Picasso, blómamyndir eftir Dufy, landslagsmyndir eftir Braque, Matisse, Juan Gris, nokkrar dýramyndir eftir Jean Lurcat, einnig Fiðrildi, trúðamynd og borgarmyndir frá París, New York, Feneyjum eftir Buffet. Allar verða myndirnar til sölu. Sýningin verður opin til 10. apríl, daglega kl. 2—10 síðdegis, og er aðgangur ókeypis.

Minnzt hálfra aldar af mælis A.F.

Eins og kunnugt er, starfar félagsskapurinn Alliance Francaise um allan heim. Tilgangur félaganna er að breiða út þekkingu á frönskri tungu og menningu.

Hér á Íslandi hefur Alliance Francaise starfað í nær hálfa öld; félagið var stofnað í októbermánuði 1911 og er sýningin á málverkaeftirprentunum í bogasalnum m.a. haldin til að minnast 50 ára afmælis félagsins.

Fyrir nokkrum árum var hald-

Bolabrögð

Framh. af 12. síðu
Jóni Árnasyni og Sveini Benediktssyni í sildarútvegsnefnd með bráðabirgðalögum þegar þingið er komið heim, en auðsætt er þá öllum til hvers leikurinn er gerður.

Lauk málinu á þingfundinum í fyrrinótt með því að breytingartillaga íhaldsins var samþykkt með 19:13 atkv. og rökstudda dagskráin svo breytt samþykkt með 19:7 atkv.

Frá degi til dags

Vitni gegn hernámsstefnu

Þriðja vitnið tekur til máls: „Þegar Bandaríkin fóru 1. okt. s.l. fram á herstöðvar hér á landi til langs tíma á þrem stöðum, í Keflavík, í Reykjavík og Hvalfirði, þá vakti sú málaleitun öngu og andstöðu íslensku þjóðarinnar. Það var fjöldi af fjölmennustu félagsamtökum landsmanna, sem reis upp og mótmælti. Ástæðurnar fyrir þeirri öngu og andstöðu, sem þetta vakti voru augljósar. Ef hið erlenda stórveldi hefði fengið herstöðvar eins og það fór fram á, hefði það haft viss landssvæði af íslensku landi á sínu valdi og undir sínum yfirráðum. Hersvæðin og þeir útlendu herflokkar, sem hefðu haft gæzlu stöðvarna á hendi, hefðu orðið út en við landslög og rétt á Íslandi. Íslenskt yfirvöld hefðu engum lögum getað þar fram komið, íslenskir dómstólar ekki dæmt mál þessara manna, íslenskir borgara, sem teldu á hlut sinn gengið af hálfu hersins, ekki náð rétti sínum nema eftir milliríkja-leiðum. Íslendingar hefðu ekki verið frjálsir ferða sinna um sitt eigið land, heldur þurft til þess leyfi

ráðuneytið lánaði eftirprentanir þessar til sýningarinnar og gaf þær síðan, að sýningu lokinni, Menntamálaráði Íslands. Voru myndirnar sýndar í skólum víða um land.

Formaður Alliance Francaise er nú Magnús Jochumsson fyrrv. póstmestari, en aðrir í stjórn: Magnús G. Jónsson menntaskólakennari, Jón Helgason kaupmaður, Jóhann Ágústsson bankafulltrúi og Björn L. Jónsson lækni.

annarra. Um áhrifin á þjóðerni okkar, sjálfsvitund, álit okkar út á við, þarf ekki heldur að fara mörgum orðum. Í augum umheimsins hefðum við tæplega talizt til fullvalda þjóða, þegar þrjár herstöðvar væru í landinu, og yfirráð okkar á því þar með skert, jafnvel með herstöð í hjarta okkar eigin höfuðborgar. Málaleitunin um herstöðvar af hálfu Bandaríkjanna var GERSAMLEGA ÓSAMRÆMANLEG sjálfstæði Íslands. Og mín skoðun er sú, að til lítills hafi þá verið skilnaðurinn við Dani og stofnun lýðveldisins, ef skömmu síðar hefði átt að gera slíka skerðingu á sjálfstæði okkar.

En íslenska þjóðin reis upp, — að vísu ekki sem einn maður, en yfirgnæfandi hluti hennar lýsti sig andvígna þessari málaleitun. Og í alþingiskosningunum var þetta staðfest. Þær raddir og óskir hafi þá verið skilnaðurinn við Dani og stofnun lýðveldisins, ef skömmu síðar hefði átt að gera slíka skerðingu á sjálfstæði okkar.

Þetta vitni heitir Gunnar Thoroddsen, núverandi fjármálaráðherra. Hann sagði þessi orð á Alþingi Íslendinga 21. september 1946.